

Mál nr. 36/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta. Sönnun.****Gögn.**

4. Málskot mótttekið 22. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
5. Athugasemdir V, dags 20. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. mars 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll þegar hann gekk inn í verslun X 2. júní 2025. Við inngang verslunarinnar var inngangsmotta sem lá upplýft að hluta þegar M gekk inn í verslunina. M hrasaði um mottuna og féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann hlaut upphandleggsbrot. Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M, enda hafi aðgengi að versluninni í umrætt sinn verið hættulegt og slysaþætta stafað af mottunni sem hafði vöðlast upp sökum veðurs. Þá telur M að eðlilegt sé að ætlast til þess að V útvegi upplýsingar um það af hverju mottan hafi vöðlast upp og hversu lengi hún hafi verið í því ástandi. Ekki sé hægt að leggja sönnunarbyrði um þetta atriði á M. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að mottan hafi verið staðsett við inngang verslunarinnar og viðskiptavinir því haft lítið sem ekkert svigrúm til að meta aðstæður þegar gengið var inn. Þá sé óumdeilt að mottan hafi ekki verið fest við gólfíð eða þannig gengið frá henni að hún gæti ekki færst til eða vöðlast upp, sem M telur að hefði getað komið í veg fyrir slysið. Bendir M á að umræddan dag hafi verið mjög vindasamt. Hafi vindhviður náð 20 m/s. Við slíkar aðstæður séu líkur á að mottur sem ekki séu festar niður vöðlist upp eins og raunin var á slysdegi. Auk þess bendir M á að það að mottur geti einnig færst til vegna óviljandi snertinga viðskiptavina sé eitthvað sem X beri að hafa í huga við mat á því hvort það sé forsvaranlegt að hafa lausa mottu við inngang verslunarinnar. Þá telur M ljóst að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem viðskiptavinur X hafi fallið um mottuna. X hafi því vitað af hættunni. M telur að framangreint eigi að leiða til þess að hættueiginleikar mottunnar hafi orsakað slysið og að á því verði X að bera ábyrgð. Auk framangreinds bendir M á að ábyrgð fasteignaeigenda, þar sem rekin sé verslun eða þjónusta, sé rík. Þeim beri að tryggja að viðskiptavinir geti gengið um verslunina án þess að eiga á hættu að verða fyrir tjóni. Bendir M á Hrd. í málum nr. 147/1992, 517/2005 og 419/2007 og úrskurð nefndarinnar í máli nr. 210/2020, þessu til frekari stuðnings.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Í því sambandi hafnar V því að X eigi að bera sönnunarbyrði fyrir því að ekki liggi fyrir haldþærar upplýsingar um af hverju mottan lyftist upp og hversu lengi hún hafi verið í því ástandi. Bendir V á að samkvæmt 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun, sé varðveisla myndefnis heimil í 30 daga frá upptöku. Þegar krafa M hafi verið lögð fram hafði verið búið að eyða myndefni slysdagsins að undanskildu öryggisafriti sem starfsmenn X hafi vistað á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 11. gr. framangreindra reglna. Það myndefni sýni fáeinar sekúndur áður en M gekk inn í verslun X og fall hans en ekki af hverju mottan var ekki í eðlilegri legu við gólfíð og hversu lengi það ástand hafði varað. Telur V að ekki verði gerð sú krafa til verslana að varðveita ótímabundið allt myndefni sem hugsanlega gæti síðar haft þýðingu í bótamáli. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar beri M sönnunarbyrði fyrir því að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis X eða starfsmanna hans, og skortur á frekara myndefni sem kynni að varpa ljósi á atvik málsins geti, að mati V, ekki fært sönnunarbyrði um ofangreint atriði yfir á X. Þá hafnar V því einnig að staðsetning og frágangur inngangsmottunnar hafi verið óforsvaranlegur og að X hafi borið að festa hana niður eða gera aðrar ráðstafanir til að fyrirbyggja slys. Inngangsmottur af þeirri gerð sem hér um ræðir séu almennt notaðar við inngang fjölmargra verslana í þeim tilgangi að draga úr bleytu sem kann að berast inn með viðskiptavinum og þannig varna slysaþættu. Mottan sem um ræðir sé hefðbundin inngangsmotta, sérstaklega hönnuð fyrir verslanir með mikinn umgang. Gúmmíbotni mottunnar sé ætlað að draga úr tilfærslu, upplýftingu og sprungumyndun við hvaða aðstæður sem er. Telur V það hvorki eðlilegt né raunhæft að gera þá kröfu til verslunareigenda að inngangsmottur, sem hannaðar eru sérstaklega fyrir verslunarrými, séu festar varanlega við gólf eða tímabundið við ákveðna veðráttu. Í daglegum rekstri verslana hér á landi sé því gjarnan stuðst við lausar inngangsmottur sem hægt sé að færa, hreinsa, fjarlægja og skipta út. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu M að X hafi verið kunnugt um

sérstaka eða fyrirsjáanlega slysaættu sem fylgdi mottunni. Það að ekki liggi fyrir orsök þess að mottan var ekki í eðlilegri legu feli ekki í sér að X hafi haft vitneskju um ættu eða vanrækt skyldur sínar. Þvert á móti liggi fyrir að mottan sé hefðbundin inngangsmotta, notuð í þeim tilgangi að draga úr bleytu og þ.a.l. ættu við inngang. Þá liggi ekkert fyrir um að hún hafi verið gölluð. Engar kvartanir hafi áður borist um slysaættu og engin sambærileg atvik hafi komið upp í umræddri verslun. Þá hafi engin starfsmaður X orðið var við að mottan hefði færst úr stöðu áður en slysið varð. Athugasemdir félagsins um óvissu um tildrög slyssins geti því ekki leitt til þeirrar ályktunar að X hafi haft vitneskju um ættu, heldur undirstrika þær aðeins að orsök þess að mottan færðist til sé ókunn ásamt því að benda á að ekki hafi verið sýnt fram á sök. Auk framangreinds telur V að þau fordæmi sem M vísar til hafi takmarkað vægi í þessu máli enda varði þau annaðhvort varanlega annmarka á aðbúnaði fasteigna eða sérstakar aðstæður sem gerðu slysaættu fyrirsjáanlega. Í máli M liggi hins vegar ekkert fyrir um slíka annmarka eða fyrirsjáanlega ættu, heldur hafi verið um að ræða tímabundið ástand af óljósum ytri ástæðum. Af Hrd. 1996, bls. 2668, Hrd. 1994, bls. 704 og Hrd. í máli nr. 29/2011 megi leiða að ekki sé gerð krafa til verslana að viðhafa stöðuga gæslu þannig að tafarlaust verði brugðist við hverri tilfallandi eða tímabundinni breytingu á aðstæðum eða búnaði í verslun. Telur V þessa dóma eiga vel við í málinu. Þá vísar V jafnframt til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 206/2017 máli sínu til stuðnings. V telur því ósannað að orsök slyssins 2. júní 2025 verði rakin til saknæms athafnaleysis starfsmanna X. Því sé ekki fyrir hendi bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu X.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og rökstudd og sett fram mótrök við framangreindum athugasemdum V. Ítrekar M m.a. þá skoðun að það eigi ekki að koma M í koll að hafa ekki gert reka að því að tryggja upplýsingar um málsatvik. Það hljóti að vera eðlileg krafa þegar svona alvarleg slys verða að varðveita upptökur. Almennt verði því sá sem eyðir slíkum upptökum að bera hallan af því, þ.e. ef það leiðir til þess að málsatvik eru óljós. Þá ítrekar M jafnframt þá skoðun sína að leggja verði til grundvallar að umrædd motta hafi vöðlast upp oftar en einu sinni fyrir slysið og að starfsmönnum X hafi mátt vera kunnugt um það. Því telur M að um fyrirsjáanlega ættu hafi verið að ræða sem starfsmönnum X hafi mátt vera kunnugt um, enda hafi þetta ekki verið í fyrsta skipti sem mottan vöðlaðist upp og færðist til sökum veðurs. Telur M því að þar sem X hafi ekki gripið til þeirra ráðstafanna sem eðlilegt sé að ætlast til að hann gerði til að varna slysum, beri hann skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda verslana um að þeir tryggi öryggi viðskiptavina sinna breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Nefndin telur að í raun sé ekki ágreiningur í málinu um hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að M féll um mottu við inngang verslunar X með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn sem sýnt gætu fram á að ekki hafi verið forsvaranlegt af hálfu X að notast við umrædda mottu við inngang verslunarinnar né að X hafi borið að festa hana niður eða gera aðrar sértækar ráðstafanir til að fyrirbyggja slys. Sömuleiðis liggur ekki fyrir sönnun þess að kvartanir hafi áður borist um slysaættu af völdum umræddrar mottu eða að starfsmönnum X hafi mátt vera það kunnugt að mottan hefði færst úr stöðu áður en slysið varð. Nefndin telur því óupplýst í málinu hvað orsakaði það að mottan vöðlaðist upp í umrætt sinn, nokkuð sem M verður að bera hallann af samanber það sem að framan segir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Þá telur nefndin einnig ósannað að starfsmönnum X hafi mátt vera það ljóst að slysaætta stafaði af mottunni og því borið að grípa til sértækra ráðstafanna á slysdegi. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Þá telur nefndin jafnframt að þó starfsmenn X hafi eytt hluta myndbandsins breyti það ekki framangreindu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir